



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, Rvk. 10. ágúst 2020 kl. 16:30.

(Fundur nr. 11. frá Kópavogi)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Sigrún Stefánsdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Kristinn H. Þorsteinsson, Páll Ingbór Kristinsson, Þróstur Eysteinnsson, Björn Traustason og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt með lítilsháttar orðalagsbreytingum.

2. Undirbúningur Aðalfundar Skógræktarfélags Íslands

Dagskrá fundarins

*Embættisstörf á fundinum, fundarstj. ritarar, form. nefnda o.fl.
Stjórnarkjör*

Jónatan Garðarsson. Eftir síðustu vendingar í COVID-faraldrinum, lítur út fyrir að mjög erfitt verði að verða við kröfum um fjarlægðartakmarkanir. Hugsa mætti sér að fresta fundinum um einn mánuð, halda hann að einhverju leyti um netið til þess að afgreiða mikilvægustu mál (afgreiðslu reikninga, stjórnarkjör, skýrsla o.fl.), en að öðru leyti verði aðalfundi SÍ í Mosfellsbæ frestað um eitt ár og að aðalfundur SÍ verði haldinn í Mosfellsbæ síðla sumars eða snemma hausts 2021. Skv. lögum SÍ væri þessi háttur á löglegur.

Björn Traustason sagði að þetta hefði verið rætt inn í stjórn Skógr.f. Mosfellsbæjar og að þessar hugmyndir væru í samræmi við það sem þar hefði verið rætt.

Pröstur Eysteinnsson: Það er ábyrgðarhlutur að halda fund undir þessum kringumstæðum með hefðbundnum hætti. Tekur hann undir með þeirri tillögu að fundur sem nær því lágmarki að teljast löglegur fundur verði haldinn nú til að fullnægja lágmarkskröfum um „hefðbundin aðalfundarstörf“.

Tillaga kom fram um að halda „formlega aðalfundinn“ í fyrstu viku októbermánaðar, hafa hann „snertilítinn“ í stórum sal s.s. í sal Arionbanka (sem tekur 300 manns í sæti) og afgreiða þau mál sem nauðsynlegt er að verði afgreidd. Kjósa megi í gegnum tölvupóst. Mótbárur komu fram um frestun (ekki annað) og var ákveðið að bíða með ákvörðun í einn sólarhring.

3. Önnur mál m.a.

Sjálfbodaliðar

Eru komnir til landsins, frá fimm Evrópuríkjum, og allt gengur vel með það mál. Þau verða í landinu fram í nóvembermánuð.

Samningar

Ýmsir samningar eru í gerjun, m.a. annars við keðjuna Samkaup um þátttöku í Opnum skógi. Verið er að ræða við 66°N um samstarfssamning sem tekur á sig mynd í haust.

Opinn skógur

Gróðursetning Landgræðsluskóga

Innleiðing Avenza o.fl.

Búið er að innleiða rauntímaskráningu á gróðursetningum 15 skógræktarfélaganna og er búist við að önnur félög bætist við á næsta ári.

Rætt var um hvort hæsta tré landsins (sitkagreni á Kirkjubæjarklaustri, gr.s. 1949) sé enn búið að ná 30 m hæð. BT kvaðst munu fljótlega ætla að mæla það. Hugsanlega verður það útnefnt tré ársins.